



Fræðslunetið sÍmenntun á Suðurlandi

123. fundur í stjórn FSS, Fræðslunetsins – sÍmenntunar á Suðurlandi, 24. ágúst
2016 kl.16.30, í Fjölheimum

Mætt: Sigursveinn Sigurðsson formaður, Laufey Ósk Magnúsdóttir varaformaður, Þór Hreinsson, Magðalena K. Jónsdóttir, Elín Einarsdóttir og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri.

1. Umræða um bréf frá Háskólafélagi Suðurlands. Í bréfinu óskar Háskólafélagið eftir viðræðum um að sameinast Fræðslunetinu. Stjórn Fræðslunetsins vill sjá frekari forsendur fyrir ávinningi sameiningar félaganna tveggja áður en ákvörðun er tekin. Stjórnin leggur því til að framkvæmdastjórar og formenn stjórna beggja félaga fundi og skili af sér upplýsandi gögnum áður en endanleg ákvörðun um viðamiklar sameiningarviðræður er tekin.
2. Skjalfest yfirlýsing stjórnar um upplýsingagjöf til Mennta- og menningarráðuneytis. Yfirlýsing lesin yfir og undirrituð.
3. Námsframboð haustannar kynnt.
4. Breytingar í starfsmannamálum. Margrét G. Magnúsdóttir og Árdís Óskarsdóttir hafa látið af störfum. Nína Síbyl Birgisdóttir og Júlíana Gústafsdóttir hafa verið ráðnar til starfa.
5. Önnur mál.
 - a. Viðbótarstyrkur frá Mennta- og menningarráðuneytinu til framhaldsfræðslu kynntur.
 - b. Eyjólfur kynnur: Mánudaginn 29.ágúst kl. 14:00 verður opnað nýtt námsver á Hellu.

Fundi slitið kl. 18.50

Fundargerð ritaði Laufey Ósk Magnúsdóttir